



21. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn á Hótel Hallormsstað 13.október 2017 kl.18:00.

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðaði: Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT).

- 1. Fundur settur** kl. 18:00.
- 2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.** Undirbúningur fyrir sambandsþing hefur verið aðalstarf starfsmanna UMFÍ. Sýnum karakter ráðstefnan var haldin og unnið hefur verið að uppgjörum.
- 3. Fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 16.** Samþykkt.
- 4. Evrópa unga fólksins.** Framkvæmdastjóri sá um að svara bréfi frá alþjóðaskrifstofu Euf í kjölfar athugasemda endurskoðenda.
- 5. 50. Sambandsþing UMFÍ, tillögur og dagskrá.** Lagt til að þingforsetar verði Stefán Bogi Sveinsson og Sigrún Blöndal sem bæði eru úr bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs og ritaraar verði Hrönn Jónsdóttir, Sigurður Óskar Jónsson og Anna Möller. Á þinginu munu starfa fjárhagsnefnd, íþróttá- og allsherjarnefnd og laga-og aðildarnefnd. Hvatningaverðlaun verða veitt á sunnudag í lok þings. Rafræn kosning verður tekin upp í fyrsta sinn og verður kosið rafrænt í öllum kosningum nema stjórnarkjöri.
- 6. NSU – skrifstofuaðstaða.** Framkvæmdastjóri NSU hefur hætt störfum og er því auglýst eftir sambandsaðila sem hefði áhuga á að hýsa og taka að sér framkvæmdastjórn NSU.
- 7. Önnur mál.**
 - a) Sent hefur verið lögfræðibréf vegna þrastaskógar.
 - b) Bréf hefur borist frá FÁÍA, málinu er vísað til nýrrar stjórnar.

**HrJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 19.15**